



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2020 / 2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	2025
Svið:	Umhverfis- og skipulagssvið
Unnið af:	
Verkefni/tillaga:	Hraðatemprun í kringum Melaskóla og Vesturbæjarskóla
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Það er þekkt að bílar keyra mjög hratt í gegnum hverfin, líka nálægt skólunum. Tillagan snýst um að bæta úr því, með því að tempra hraða bílanna í kringum skólana.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, lækkun hraða á götum í kringum skólana mun sérstaklega styðja við konur og börn þar sem þau eru líklegri til að vera gangandi vegfarendur nálægt skólum.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.
Íbúar í hverfinu, sem er mjög fjölbreyttur hópur. Karlar, konur og börn munu njóta góðs af verkefninu. Sérstaklega munu börn njóta góðs af bættri öryggi í kringum skólana.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Að draga úr hraða mun gera öllum, sérstaklega börnum, auðveldara að ferðast gangandi innan hverfisins. Sjá líka punkt fyrir ofan. Karlar eru líklegri til að ferðast á bílum og verða helst fyrir töfum í sambandi við hraðalækkunum, en öryggi barna ætti að vega þyngra.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, það er ónauðsynlegt, enda er bætt umferðaröryggi ekki nýtt fyrirbæri í borginni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.